

Alþingi

Erindi nr. P 121/453

komudagur 12/12 1996

Starfsmannafélag Húsavíkur

Garðarsbraut 26, 640 Húsavík
sími 464-1301, myndsendir 464-1781

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Vilhjálmur Egilsson, formaður
Alþingi

150 Reykjavík

Húsavík, 10. desember 1996

Erindi: Frumvarp til laga um lífeyrisréttindi starfsmanna ríkisins


Starfsmannafélag Húsavíkur hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um lífeyrisréttindi starfsmanna ríkisins sem er niðurstaða af viðræðum milli fulltrúa heildarsamtaka opinberra starfsmanna og fjármálaráðuneytisins. Starfsmannafélagið hefur fylgst með gangi þessara viðræðna á vettvangi Bandalag starfsmanna ríkis og bæja.

Starfsmannafélag Húsavíkur telur að frumvarpið sé ásættanleg niðurstaða, einkum í ljósi þess að heildarréttindi hins nýja kerfis eru jafnverðmæt gildandi réttindum, samkvæmt tryggingafræðilegu mati, að viðbættum réttindum vegna viðbótargreiðslna sjóðfélaga vegna yfirvinnu og fleira.

Mikilvægt er að sjóðfélögum verði sem áður gert kleift að vera í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.

Starfsmannafélagið mun fylgjast með athygli með framgangi málsins á Alþingi og mun kröfugerð vegna kjarasamninga nú, sem fyrr, gera ráð fyrir að heildarverðmæti lífeyriséttinda verði óskert.

Virðingarfyllst,



Stefán Stefánsson, formaður
Starfsmannafélags Húsavíkur